

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur, Selásbraut 54.

Samkvæmt ósk borgarstjórnar Reykjavíkur hefur Skipulagasstjórn ríkisins þann 22. janúar 1992 staðfest breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 1984–2004 sbr. 3. og 4. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964. Með tilvísun í auglýsingu um staðfestingu aðalskipulags Reykjavíkur 1990–2010 þann 27. febrúar 1992 tekur staðfesting skipulagsstjórnar til breytingar á gildandi aðalskipulagi.

Breytingin er fólgin í því að landnotkun á lóðinni nr. 54 við Selásbraut verður fyrir íbúðarhúsnæði í stað verslunar og þjónustu.

Borgarstjórn Reykjavíkur tekur að sér að bæta það tjón er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

Umhverfisráðuneytið, 11. mars 1992.

F. h. r.
Páll Lindal.

Hrafn Hallgrímsson.

24. mars 1992

Nr. 109

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um flutningaflug, nr. 641/1991 með síðari breytingu.

1. gr.

Grein 4.2.1.4.2. orðist svo:

Endurnýjun.

Ef óskað er endurnýjunar flugrekstrarleyfis skal senda Flugmálastjórn beiðni þar að lútandi, a.m.k. þremur mánuðum áður en leyfið rennur út.

2. gr.

Við grein 9.4.1.1. bætist eftirfarandi ákvæði:

- c) 900 fartíma reynslu ef flugstjóri er einn í flugáhöfn við farþegaflutninga samkvæmt blindflugsreglum og hafi þar af minnst:
- i) 400 fartíma reynslu sem flugstjóri og þar af minnst:
 - ii) 150 fartíma reynslu í fjölhreyfla flugvélum samkvæmt blindflugsreglum.

3. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt 188. gr. laga nr. 34, 21. maí 1964, um loftferðir og tekur til íslenskra flugvéla, svo og annarra flugvéla, sem íslenskur flugrekandi notar eða ræður yfir, staðfestist hér með og skal öðlast þegar gildi.

Samgönguráðuneytið, 24. mars 1992.

Haldór Blöndal.

Haldór S. Kristjánsson.